

2017

Árangursstjórnunar- samningur

Innanríkisráðuneytið og embætti Sýslumannsins á
höfuðborgarsvæðinu



SÝSLUMENN

INNANRÍKISRÁÐUNEYTID

SAMNINGUR INNANRÍKISRÁÐUNEYTISINS VIÐ EMBÆTTI SÝSLUMANNSINS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU UM ÁRANGURSSTJÓRNUN

I. TILGANGUR

Með samningi þessum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur innanríkisráðuneytis og embættis Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um að lögbundin verkefni embættisins séu unnin á faglegan og hagkvæman hátt.

Tilgangurinn er að festa í sessi ákveðið samskiptaferli milli innanríkisráðuneytis og embættis Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Þá á samningurinn að skerpa áherslur um stefnumótun, framkvæmd verkefna, áætlanagerð og leggja grunn að mati á árangri af starfsemi embættisins.

Samningnum er einnig ætlað að styrkja beitingu árangursstjórnunar sem stýritækis hjá embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu.

Samningurinn breytir í engu ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi á rekstri embættisins eða þeim skyldum sem embættið hefur samkvæmt lögum. Þá felur stjórnvaldsábyrgð ráðherra í sér að hann getur fellt samninginn úr gildi ef ekki er staðið við ákvæði hans.

II. HLUTVERK OG HELSTU VERKEFNI

Embætti sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu er stjórnsýsluembætti sem fer með framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í sínu umdæmi eftir því sem lög og reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um. Um embætti sýslumanna gilda lög nr. 50/2014 og umdæmi þeirra eru ákveðin í reglugerð nr. 1151/2014.

Embættinu ber einnig að fylgja stefnum stjórvalda eins og við á s.s. stefnu í aðgengismálum opinberra vefja, innkaupastefnu og jafnréttisstefnu. Einnig mun embættið leitast við að ná sem fyrst markmiðum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Verkefni embættis sýslumanns má taka saman í eftirtalda flokka:

- **Persónuréttindi og fjölskyldumál.** Undir málaflokkinn falla margvísleg mál, sem öll eiga það sameiginlegt að varða fjölskyldur; stofnun þeirra og slit, réttindi og skyldur einstaklinga sem eru eða hafa verið í vígðri eða óvígðri sambúð og réttindi barna. Einnig falla undir málaflokkinn erfðamál og málefni ólögráða einstaklinga. Loks falla hér undir umboð Tryggingastofnunar og Sjúkratrygginga Íslands.
- **Eignaréttindi og fullnusta krafna.** Hér undir falla þinglýsingar, sem fela í sér opinbera skráningu réttinda yfir tilteknum eignum til þess að þær njóti verndar gagnvart þriðja manni, fullnustugerðir eins og fjárnám, sem miða að því að tryggja kröfu með eign eða réttindum og nauðungarsölur, sem eru fullnustugerð til að koma eign í verð eða til að

slíta sameign. Einnig fellur undir málaflokkinn afmáning fasteignaveðkrafnar á íbúðarhúsnæði samkvæmt 12. gr. laga nr. 50/2009.

- **Stjórnsýsla ríkisins í umdæminu.** Hér undir falla innheimta opinberra gjalda, atkvæðagreiðsla utan kjörfundar, útgáfa ýmissa leyfa, afgreiðsla vegabréfa og ökuskríteina, lögbókandagerðir og friðlýsing æðarvarpa.
- **Sérverkefni embættis.**
 - Veiting leyfa til ættleiðinga, afgreiðsla nauðungarvistana, löggilding fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala á landsvísu, skrásetning í réttindaskrá loftfara.
 - Skráning heimagistingar og eftirlit með heimagistingu.
 - Verkefnisstjórn á landsvísu vegna verkefna sýslumanna tengdum barnalögum er varða:
 - sáttameðferð,
 - sérfræðiráðgjöf í málefnum barna,
 - liðsinni sérfræðings í málefnum barna,
 - eftirlit með umgegni.

III. MARKMIÐ OG ÁHERSLUR

Innanríkisráðuneytið og embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu hafa náð samkomulagi um eftirtaldar áherslur og meginmarkmið varðandi starfsemi embættisins á samningstímanum. Deilimarkmið fyrir hvern og einn flokk verða skilgreind í langtímaáætlun og endurskoðuð árlega.

Stjórnsýsla og þjónusta

Embættið tryggir að stjórnvaldsákvarðanir séu ávallt í samræmi við lög, reglur og vandaða stjórnsýsluhætti. Sé ákvörðun rökstudd skal það gert með gagnorðum og eins stuttorðum texta og málefnið leyfir. [Tímabil innleiðingar 2017]

Mælikvarðar og viðmið:

- Embættið setur sér viðmið um málshraða við afgreiðslu mála.
- Brugðist verður við athugasemdum við málsméðferð eða ákvörðunum sem teknar eru af ráðuneyti, dómstólum eða umboðsmanni Alþingis.

Embættið miðlar upplýsingum til ritstjórnar sameiginlegrar ársskýrslu embætta sýslumanna sbr. sérstök gagnasöfnunarskjöl¹ ritstjóra auk þess að sinna upplýsingagjöf til ráðuneyta, Alþingis og annarra aðila.

Mælikvarðar og viðmið:

- Gagnasöfnunarskjölum verður skilað rafrænt útfylltum til ritstjóra ársskýrslu fyrir lok janúar ár hvert. [Tímabil innleiðingar 2017]
- Erindum aðila verður svarað innan skilgreindra tímamarka. [Tímabil innleiðingar 2017]

¹ Skjölín eru send embættum í upphafi til útfyllingar. Ef breyting verður á skjölunum vekur ritstjóri athygli embættanna á því.

Embættið veitir umsagnir og kemur með tillögur að breytingum á lögum og reglugerðum eins og við á. [Tímabil innleiðingar 2017]

Mælikvarðar og viðmið:

- Unnið verður innan skilgreindra tímamarka.

Embættið hefur forgöngu um reglulegt samráð við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og önnur stjórnvöld um fyrirkomulag og samræmingu opinberrar þjónustu í umdæminu eftir því sem við getur átt.

Mælikvarðar og viðmið:

- Samráðsfundir verða a.m.k. árlega.

Embættið leitast við að stuðla að ánægju viðskiptavina og kannar hana með reglulegum þjónustukönnunum.

Mælikvarðar og viðmið:

- Hlutfall frekar og mjög ánægðra með þjónustuna fari yfir 50% á samningstímabilinu.

Ferlar

Embættið rekur virkt úttektarkerfi. [Tímabil innleiðingar 2017-2021]

Mælikvarðar og viðmið:

- Úttektir fara fram samkvæmt skráðu sameiginlegu verklagi embætta sýslumanna.
- Sýslumaður fer reglulega yfir niðurstöður úttekta.

Embættið tekur þátt í vinnu við samræmingu verkferla í einstökum málaflokkum embætta sýslumanna. Sú vinna er hafin á vegum nefndar, samkvæmt 6. gr. laga nr. 50/2014, og tekur embættið þátt í henni með því að leggja til upplýsingar og taka upp samræmda verkferla þegar þeir liggja fyrir. [Tímabil innleiðingar 2017]

Mælikvarðar og viðmið:

- Embættið sinnir þeirri vinnu er nefndin felur því innan tilskilinna tímamarka.
- Virk þátttaka í öðrum verkefnum um samræmingu verkferla á landsvísu.

Embættið hagar innkaupum í samræmi við vistvæn innkaup og stefnu stjórvalda hverju sinni. [Tímabil innleiðingar 2017]

Mælikvarðar og viðmið:

- Innkaup á grundvelli rammasamninga Ríkskaupa.

Árangursstjórnunarsamningur þessi verði kynntur starfsmönnum embættisins. [Tímabil innleiðingar 2017]

Mælikvarðar og viðmið:

- Samningurinn verði kynntur öllu starfsfólki á starfsmannafundi.
- Samningurinn verði aðgengilegur starfsfólki á innri vef.
- Starfsfólk fái árlega upplýsingar um framgang árangursstjórnunarsamnings

Mannauður

Allir starfsmenn embættisins eiga að vera metnir að verðleikum og njóta sömu tækifæra í starfi. Þannig leitast embættið við að efla starfsánægju og að mannauður þess nýtist sem best. [Tímabil innleiðingar 2017]

Mælikvarðar og viðmið:

- Embættið vinnur í samræmi við mælikvarða í starfsmannastefnu 2017 og jafnréttisáætlun frá 16. febrúar 2017.

Að hjá embættinu starfi ábyrgt, hæft og ánægt starfsfólk. [Tímabil innleiðingar 2017-2021]

Mælikvarðar og viðmið:

- Heildareinkunn úr starfsánægjukönnun SFR mælist 3,6 í lok samningstímabils.

Fjármál

Að fjárhagsáætlun embættisins sé faglega unnin. [Tímabil innleiðingar 2017]

Mælikvarðar og viðmið:

- Frávik frá áætlun eru greind reglulega.
- Á hálfss árs fresti verði fjárhagsstöðu og helstu upplýsingum tengdum fjárhag miðlað til starfsfólks. Greining á frávikum fylgi ársskýrslu.

Að embættið sé innan fjárheimilda. [Tímabil innleiðingar 2017]

Mælikvarðar og viðmið:

- Frávik stofnunar frá fjárheimildum.

IV. GAGNKVÆMAR SKYLDUR OG ÁBYRGÐ SAMNINGSAÐILA

Á samningstímanum munu embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu og innanríkisráðuneytið hafa með sér eftirfarandi verklag:

Embættið:

Sýlumaður er tengiliður gagnvart ráðuneyti og ábyrgðaraðili samnings þessa af hálfu embættisins.

- Í samræmi við áherslur og markmiðasetningu um árangursstjórnun og skv. lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 leggur embættið fram a.m.k. þriggja ára starfs- og fjárhagsáætlun. Þar mun meðal annars koma fram hvernig embættið hyggst vinna að þeim markmiðum sem tilgreind eru í samningi þessum og í fjármálaáætlun ríkisins. Áætlun embættisins skal uppfærð árlega og eftir föngum séu því falin aukin verkefni.
- Embættið skal leggja fram ársáætlun (starfs- og fjárhagsáætlun) að hausti. Þar er gerð grein fyrir helstu fjárhagsstærðum, starfsmarkmiðum næsta árs, forgangsröðun og þeim árangursmarkmiðum sem embættið stefnir að á árinu.

- Telji embættið ekki nægar fjárveitingar til verkefna þess, sem af þessum samningi leiða, skal það leggja fyrir ráðuneytið rökstudda tillögu að forgangsröðun og eftir atvikum frestun eða niðurfellingu verkefna. Ráðuneytið skal veita endurgjöf eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að slík tillaga liggur fyrir.

Innanríkisráðuneytið:

- Fjallar um og staðfestir áætlanir embættisins, markmiðasetningar og mælikvarða sem fram koma sbr. reglugerð um framkvæmd fjárlaga. Haldinn er fundur með embættinu ár hvert eftir að áætlanir hafa borist þar sem þær eru yfirfarnar og endurgjöf gefin innan tveggja mánaða.
- Skýrir frá afstöðu sinni til árangursmats sem fram kemur í árskýrslu, innan tveggja mánaða frá því árskýrslan er lögð fram og kynnt.
- Sér um skil á fjárlagatillögum og samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar. Við tillögugerðina mun ráðuneytið beita sér fyrir því að fjárveitingar verði í samræmi við áherslur og markmið í samningi þessum.
- Tilnefnir tengilið/umsjónarmann þessa samnings gagnvart embættinu.
- Vekur athygli embættisins á laga- og reglugerðarbreytingum er varða starfssvið þess og kunna að hafa áhrif á framkvæmd þeirra verkefna sem samningurinn nær til.

V. GILDISTÍMI OG ENDURSKOÐUN SAMNINGS

Samningurinn tekur gildi við undirskrift. Gildistími hans er fimm ár. Hvor aðili fyrir sig getur óskað eftir endurskoðun samningsins innan þess tíma. Endurskoðun samningsins skal hafin a.m.k. þremur mánuðum áður en samningstímanum lýkur. Breytingar sem verða ákveðnar á markmiðakafla samningsins skulu settar í fylgiskjal.

Kópavogi, 18. apríl 2017



Dómsmálaráðherra



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu